

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 8-2015

Tími: Föstudagur 25. september 2015, kl. 12:00, Hvanneyri.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor, Guðni Þorvaldsson, Helena Guttormsdóttir, Þórdís Þórarinsdóttir og Hilmar Janusson (í síma frá kl. 14.00). Bjarni Stefánsson boðaði forföll. Sigríður Hallgrímsdóttir var fjarverandi. Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor, ritaði fundargerð.

1. Sameiginlegur hádegismatur og skoðunarferð um Hvanneyrarstað og nágrenni.

Ráðsmenn, ásamt aðstoðarrektor, heimsóttu aðstöðu skólans á Hesti, Mið-Fossum og hjá Hvanneyrarbúinu ehf. Auk þess heimsóttu þeir nýtt fyrirtæki, Seylu ehf., sem er að koma sér upp aðstöðu til efnagreininga í gömlu nautastöðinni við Vatnshamravatn.

2. Upplýsingar til ráðsmanna

Fjárlagafrumvarp liggur nú fyrir. Þar er gert ráð 725,1 m.kr. til skólans úr ríkissjóði í gegnum mennta- og menningarmálaráðuneytið. Framlag frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti er 159 m.kr. Þetta eru nánast sömu framlög og í fyrra með verðbótum. Ekki er gert ráð fyrir viðbótargreiðslum sem skiluðu sér við 2. og 3. umræðu fjárlagafrumvarps í fyrra.

Rektor fór til fundar við starfsmenn mennta- og menningarmálaráðuneytis í síðustu viku. Var það gert til þess að fylgja eftir ýmsum erindum sem send hafa verið frá skólanum til ráðuneytisins á undanförunum vikum og mánuðum.

- ✓ Gera skal ráð fyrir því að greiða 20 m.kr. til baka af skuld skólans við ríkissjóð næstu tvö ár með sama hætti og gera skal á þessu ári.
- ✓ Jarðasöluheimildir í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2016 eru ekki í samræmi við það sem var í fjárlögum síðasta árs og engin ráðstöfunarheimild fylgir. Ráðuneytið mun kanna þessi mál hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Kaupa má bílskúr við hús á Hvanneyri (Grétar og Hafdís) en þetta þarf að greiða úr okkar sjóðum.
- ✓ Óskað hefur verið eftir heimild til þess að leigja gömlu byggingarnar á Hvanneyri og er það erindi í vinnslu á vegum ráðuneytisins. Ekki hefur verið tekið afstaða til einkisbeiðni um að laga þak á gömlu Hestaréttinni (kránni).
- ✓ Óskað hefur verið eftir að auka ramma vegna húsaleigu fyrir húseignir á gömlu Hvanneyrartorfunni um 20 m.kr. Ekki er ljóst hvernig þessari beiðni verður fylgt eftir.
- ✓ Óskað hefur verið eftir að auka hlutfé skólans vegna uppgjors á Grímshagabúinu (með sérstakri fjárheimild) og er málið í vinnslu.
- ✓ Rætt var um fjármögnun á LULU-CF verkefninu sem unnið er fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Huga Ólafssyni í uar falið að leita leiða til þess að fjármagna þetta og undirbúa þjónustusamning við skólann.
- ✓ Endurnýjað leyfi til doktorsnáms fyrir skólann hefur nú verið samþykkt ótímabundið, sbr. bréf ráðuneytisins frá 23. sept. s.l.
- ✓ Rædd var staða nefndar um málefni háskóla í NV kjördæmi. Ekkert hefur heyrst í ráðuneytinu frá formönnum nefndarinnar frá því í júlí. Fregnast hefur að ósk Skagfirðinga sé að Hólaskóli verði sjálfstæð sjálfseignarstofnun en rektor skólans vill halda honum innan opinbera geirans. Niðurstaða málsins er enn óljós.

Bréf barst í morgun um að skólanum er gert að skila rekstraráætlun fyrir næsta ár eigi síðar en 22. okt. næstkomandi ásamt greinargerð. Ekki verður gefinn frestur á skilum.

Rektor átti fund með forseta alþingis 24. september. Þar ræddi hann m.a. þróun fjárveitinga til skólans og rýrnun á framlagi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis frá 2008 en það hefur rýrnað um 70 m.kr. aðallega vegna þess að framlagið hefur ekki verið verðbætt. Það gerist nú í fyrsta sinn að framlagið er verðbætt. Einar mun taka þetta mál upp og er reiðubúinn að leiðbeina í samskiptum við fjárlaganefnd. Einnig bar á góma skuldbinding Íslands vegna skila á gögnum fyrir kolefnisbókhaldið (LULU-CF), sem hann er reiðubúinn að skoða og um hann einnig skoða jarðasöllumálið (sjá hér að ofan). Hann hvatti rektor til þess að taka húsaleigumálið á Hvanneyri og niðurfellingu leigunnar þar upp við forsætisráðherra.

3. Stefnumörkun LbhÍ til næstu fimm ára – efnistöð og nálgun

Rektor lagði á það áherslu að það sé löngu tímabært að vinda sér í vinnu við stefnumörkun skólans og láta pólitíska vinda lönd og leið. Aðkoma starfsmanna og nemenda þarf að vera ljós. Ýmislegt liggur nú fyrir – eldri stefnumörkun, SVÓT greining frá því í fyrrahaust, gæðaúttektir og skýrslur þeim tengdar. Huga þarf m.a. að breytingu á skipuriti og regluverki. Markmið þurfa að vera mælanleg og raunhæf. Í umræðum kom fram að ferlið þurfi að vera sýnilegt og ljóst hvar starfsmenn og aðrir hagsmunaaðilar komi inn í ferlið. Mikilvægt sé að búa ekki til falskar væntingar. Það verði jafnframt að vera ljóst hver fari með forræðið. Æskilegt sé að sem flestir starfsmenn telji að hún sé á þeirra forræði en ekki í höndum pólitískra afla. Útlitið eða formið þarf einnig að liggja fyrir strax í upphafi.

Brýnt að halda tengslum við hagsmunaaðila til haga – draga upp mynd af þeim og ákveða aðkomu þeirra að málinu og á hvaða stigi þeir komi að.

8. Næstu fundir

Föstudaginn 30. október, kl. 14-16 á Keldnaholti

Fimmtudaginn 26. nóvember, kl. 14-16 á Keldnaholti

Föstudaginn 18. desember, kl. 14-16 á Keldnaholti

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10.